



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

5. árg. 2. tölublað. Febrúar 2009.

EFNI:

Bólusetning gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt (MMR) skiptir sköpum **bls. 1**

HIV-sýking og alnæmi árið 2008 **bls. 2**

Greiningar á veirufræðideild LSH í janúar 2009

Ritstjórn
Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.
Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Sigurlaug Hauksdóttir
Þórolfur Guðnason

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

BÓLUSETNING GEGN MISLINGUM, RAUÐUM HUNDUM OG HETTUSÓTT (MMR) SKIPTIR SKÖPUM

Í janúar á þessu ári greindist einn sjúklingur hér á landi með hettusótt. Hann var óbólusettur og nýkominn frá Bretlandi þar sem hópsýkingar af völdum hettusóttar hafa greinst í óbólusettum einstaklingum.

Einnig má benda á að hópsýkingar af völdum mislinga hafa verið að greinast hjá óbólusettum einstaklingum í Sviss, Bretlandi, Ástralíu og Nýja-Sjálandi. **Góð þátttaka í bólusetningu gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum hér á landi er því afar mikilvæg svo hægt sé að bægja þessum sjúkdómum frá enda eru þetta hættulegir sjúkdómar.** Nýjar upplýsingar úr miðlægum bólusetningagrunni benda til þess að þátttaka í bólusetningu virðist vera á mörkum þess að vera fullnægjandi.

Miðlægur bólusetningagrunnur

Frá 2003 hefur verið unnið að því á vegum sóttvarnalæknis að koma á laggirnar gagnagrunni með upplýsingum um allar bólusetningar á Íslandi, en til þessa hafa þessar upplýsingar aðeins verið aðgengilegar á þeim stöðum sem bólusettt var. Stórum áfanga þessa verkefnis var náð í janúar 2009, en þá var lokið við að tengja allar heilsugæslustöðvar landsins rafrænt við bólusetningagrunninn.

Upplýsingar um allar bólusetningar á heilsugæslustöðvum berast nú sjálfvirktt yfir netið í bólusetningagrunninn en jafnframt fást upplýsingar úr grunninum um fyrri bólusetningar einstaklinga. Einnig hefur verið safnað í grunninn upplýsingum um eldri bólusetningar sem ná aftur til ársins 2002.

Hér er vissulega um merkan áfanga að ræða enda þótt enn eigi eftir að tengja aðra gagnagrunna en Sögukerfið við bólusetningagrunninn. Það er verkefni fram-

tíðarinnar og að því loknu verða upplýsingar um allar bólusetningar á Íslandi aðgengilegar á einum stað.

Bólusetningagrunnurinn verður mjög gagnlegur heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisyfirvöldum við mat á þátttöku í bólusetningum, gagnsemi þeirra og aukaverkunum. Þá má nálgast úr honum upplýsingar um fyrri bólusetningar einstaklinga án tillits til þess hvar þær voru framkvæmdar. Í framtíðinni getur almenningur vonandi nálgast upplýsingar um bólusetningar sínar beint úr grunninum án milligöngu heilbrigðiskerfisins.

Of lítil þátttaka í MMR-bólusetningu

Sem stendur hefur verið safnað í grunninn upplýsingum um 530 þúsund bólusetningar á Íslandi. Í ljós kemur að hér á landi er þátttaka í bólusetningum almennt mjög góð á fyrstu tveimur árunum nema hvað varðar bólusetningu gegn MMR. Við tveggja ára



aldur hafa um 97% barna verið bólusettt gegn barnaveiki, stífkrampa og kikhósta (DTP) og um 95% gegn sýkingu af völdum meningókokka C.

Hins vegar hafa einungis um 86% barna verið bólusettt gegn MMR við þriggja ára

Framh. bls. 2

Einungis um 86% barna hafa verið bólusett gegn MMR við þriggja ára aldur. Þetta er mikið áhyggjuefni.

aldur. Þessar upplýsingar eru mikið áhyggjuefni því að með svo litilli þátttöku má búast við faröldrum hér á landi af völdum hettusóttar, mislinga eða rauðra hunda.

Brýnt verkefni er því að auka þátttöku barna í MMR-bólusetningu svo að koma megi í veg fyrir að alvarlegar sýkingar eins og mislingar blossi upp hér á landi.

Dórolfur Guðnason



HIV-SÝKING OG ALNÆMI ÁRIÐ 2008

Á árinu 2008 greindust tíu manns með HIV-smit á Íslandi, sjö karlar og þrjár konur. Enginn greindist með alnæmi, lokastig sjúkdómsins. Miðað við árslok 2008 hafa 218 einstaklingar greinst með HIV-smit frá því faraldurinn barst til landsins, þar af 60 með alnæmi og 37 látist af völdum sjúkdómsins (mynd 1). Einungis einn þeirra sem greindust með sýkingu á árinu 2008 var

Íslendingur, aðrir voru dvalarleyfisumsækjendur.

Þróun undanfarinna ára á hlutfallslegum fjölda eftir smitleiðum og áhættuhegðun heldur áfram. Gagnkynhneigðum fjölgar hlutfallslega mest. Tiltölulega margir fíkniefnaneytendur greindust árið 2007 en engir greindust á árinu 2008 (mynd 2).

Haraldur Briem



GREININGAR Á VEIRUFRÆÐIDEILD LSH Í JANÚAR 2009

I. Öndunarfærasykingar

Í janúar 2009 greindist RSV í rúmlega helmingi sýna á veirufræðideild LSH. Aðrar veirur voru inflúensa A (H3), adenóveirur, para-inflúensa-1, herpes simplex og einn óbólusettur einstaklingur greindist með hettusótt.

II. Meltingarfærasykingar

Tuttugu og átta einstaklingur, börn og fullorðnir greindust með nóróveirusýkingu í janúar en fjórir einstaklingar með sýkingu af völdum astróveira og einn af rótaveiru. Nóróveirusýkingar eru því enn algengar í samfélaginu.

Dórolfur Guðnason